

# **Fjölskyldu- og fræðslusvið Vestmannaeyja**

## **Lokaskýrsla vegna styrks úr þróunarsjóði leik- og grunnskóla.**

Heiti verkefnis: Rafrænt nám og skapandi skil

Tímabil: 15. mars 2021-15. mars 2022

Umsjónar-og ábyrgðarmaður: Bryndís Bogadóttir

Skóli: Grunnskóli Vestmannaeyja, Hamarsskóli

### **Markmið:**

Markmið verkefnisins er að efla nemendur í að nýta rafræna tækni í námi og styðja við skapandi verkefnaskil. Að nemendur læri að þeir geti haft val um það hvernig þeir skila verkefnum. Til dæmis með því að nýta tæknina til þess að skrifa texta, lesa upp texta, endursegja, teikna, taka myndir og myndbönd. Langtíma markmiðið er síðan að nemendur í GRV verði leiðtigar í eigin námi og nýti sér tæknina sér til framdráttar. Grunnurinn verði lagður strax í upphafi skólagöngu og byggður upp smátt og smátt. Með svona vinnu erum við að ná betur til barnanna ekki síst drengja.

### **Leiðir til að ná markmiði:**

Finna hvað hentar hverjum árgangi fyrir sig og deila kennsluhugmyndum með öðrum kennurum. Gefa nemendum dálítið frjálsan taum meðan þau eru að æfa sig í forritum ekki stoppa þau, leyfa þeim að prófa sig áfram - efla sjálfstæð vinnubrögð.

### **Hindrandir og frávik frá upphaflegri áætlun:**

Í upphafi var áætlunin að leggja aðaláhersluna á námforritið Seesaw sem er í raun eins og rafræn kennslustofa og hafði verið notað í fjölmörgum skólum á Íslandi áður en GRV fór að prófa það en á miðri leið verkefnisins fór persónuvernd að hafa afskipti af þessu forriti vegna hýsingu upplýsinga sem vonandi fer að sjá fyrir endan því það væri frekar sorglegt að sjá þetta forrit sem er notað um allan heim ekki vera nýtanlegt á Íslandi. Þetta forrit hefur hjálpað mjög mörgum nemendum með námörðugleika þar sem það býður upp að bað að fyrirmæli og texti sé lesinn fyrir nemendur svo ekki sé nú talað um alla mögleikana að finna allt sem tengist skapandi skilum á einum stað. En vegna þessa þá breytti ég aðeins um gír og lagði einnig áherslu á fleiri forrit eins og Clips, Imovie, Green Screen og Sketches School.

## **Mat á verkefninu:**

Ég tel að það hafi tekist vel til. Nemendur eru orðinir vel færir í hinum ýmsu forritum og einstaklega gaman að sjá hvað þau eru fljót að tileinka sér tæknina til náms þó ung séu en ég var með nemendur sem eru fæddir árið 2013 í þessu með mér. Námið og kennslan varð fjölbreyttari og nemendur ánægðari fyrir vikið. Ég var líka dugleg að deila minni þekkingu og reynslu að nýta tæknia með samstarfsfólki mínu en það er vissulega tímafrekt að kynna sér þessa tækni svo hún henti ungum nemendum sem best.

## **Afrakstur og ávinnungur fyrir skólastarfið og kynning á verkefninu.**

Hélt námskeið og vinnustofu fyrir kennara í Hamarsskóla og útbjó leiðbeiningabækling með námsforritinu Seesaw. Jákvæðari og glaðir nemendur, fjölbreytt kennsla og skapandi skil. Miklar framfarir hjá nemendum í öllu námi, tengist inn á öll svið og nemendur verða læsir á svo fjölbreyttan hátt

## **Ráðstöfun styrks:**


Heildarfjárhæð styrks: 250.000 kr.


Laun	250.000 kr.
------	-------------

Dagsetning: 12. maí 2022

Umsjónar- og ábyrgðarmaður: Björn Þórir Þórárdóttir

Skólastjóri: Anna Þóra Hallgrímsdóttir





**Upptökubox**  
**"upptaka í gangi"**